



2012

# Aðgerðaráætlun gegn einelti í grunnskólum Akraness

Brynhildur Benediksdóttir

Hjördís Árnadóttir

Nanna María Elfarsdóttir

Sigríður Ragnarsdóttir

Sigurveig Sigurðardóttir

11/1/2012

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Formáli.....	2
Skilgreining á einelti.....	3
Aðgerðaáætlun gegn einelti .....	4
Almennar forvarnir .....	5
Sértækar forvarnir .....	6
Viðbragðsáætlun .....	7
Skráningarform - yfirlit.....	9

## Formáli

Í bréfi dagsettu 27. júní 2012 leggur Fjölskylduráð Akraneskaupstaðar til að skipaður verði starfshópur sem taki efni greinargerðar Þorláks Helgasonar um eineltisáætlanir grunnskólanna á Akranesi, til umfjöllunar. Í því starfi skuli horft til ákvæða reglugerðar nr. 1040/2011.

Starfshópurinn semji skilgreiningu á hvað er einelti, skilgreini verkferla og útbúi skráningarform vegna eineltismála og endurskoði þær kannanir sem gerðar eru í grunnskólunum.

Lagt er til að starfshópurinn skipi sálfræðingar sérfræðiþjónustu skóla og námsráðgjafar beggja skólanna. Einnig verði Fjölbrotaskóla Vesturlands boðið að skipa fulltrúa í starfshópinn.

Tillögur starfshópsins verði tilbúnað fyrir 8. nóvember 2012.

Eftirtaldir aðilar voru tilnefndir: Brynhildur Benediktsdóttir, náms- og starfsráðgjafi Brekkubæjarskóla, Sigríður Ragnarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi Grundaskóla, Sigurveig Sigurðardóttir sálfræðingur Grundaskóla og Birgir Guðmundsson sálfræðingur Brekkubæjarskóla. Vegna leyfis sálfræðings Brekkubæjarskóla var afraðið að Nanna María Elfarsdóttir kennari þar tæki hans sæti í starfshópnum en hún hefur reynslu af vinnu með Olweusaráætlun gegn einelti. FVA þáði boð um að skipa fulltrúa og hefur Hjördís Árnadóttir skólafélagsráðgjafi starfað með hópnum.

Starfshópurinn hittist 8 sinnum. Fundir hafa verið haldnir til skiptis í grunnskólunum og FVA.

Starfshópurinn hefur kynnt sér reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum og fjallað um efni greinargerðar Þorláks Helgasonar. Skoðaðir hafa verið verklagsreglur um meðferð eineltismála frá Árborg og Seltjarnarnesi; útgáfa vinnueftirlitsins „Einelti og kynferðisleg áreitni á vinnustöðum-forvarnir og viðbrögð“, reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustað nr.1000/2004, eyðublað með upplýsingum til Vinnueftirlits vegna kvörtunar um einelti á vinnustað. Einnig var farið yfir lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (1980 nr. 46 28.maí). Hluti hópsins sótti Málþing SÍ „Unnið gegn einelti – ábyrgð og aðgerðir“. Í framhaldi af því var fengið leyfi til að nýta að nokkru skipulag um viðbrögð gegn einelti sem unnið hefur verið af Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Hópurinn las einnig bók Kolbrúnar Baldursdóttur „Ekki meir- bók um eineltismál“ og hefur efni hennar nýst vel.

Skráningarform hafa verið útbúin í samræmi við viðbragðsáætlun og vinnulag/verkferla sem starfshópurinn leggur til að unnið verði eftir í skólunum.

Spurningalistar Olweusaráætlunar hafa verið skoðaðir og loks hafa spurningalistar eineltiskannana skólanna verið endurskoðaðar með tilliti til nýrrar aðgerðaráætlunar.

## Skilgreining á einelti

Einelti er ójafn leikur þar sem einn aðili eða fleiri hafa ítrekað farið yfir persónuleg mörk annars aðila með líkamlegu, andlegu eða félagslegu ofbeldi eða félagslegri einangrun

Einelti getur þrífist alls staðar þar sem samskipti eiga sér stað án tillits til aldurs fólks, vitsmunaproska, efnahags, stéttar, stöðu eða búsetu

## Aðgerðaáætlun gegn einelti

Vinna gegn einelti miðar að því að bæta samskipti, koma í veg fyrir að samskipti þróist í einelti og bregðast við á skipulegan hátt ef einelti á sér stað

Aðgerðaráætlun skiptist í þrjá hluta, almennar forvarnir, sértækar forvarnir og viðbragðsáætlun

Forvarnarhluta aðgerðaráætlunarinnar skal útfæra nánar í hverjum skóla í samræmi við uppeldisstefnu skólanna

Sértækar forvarnir skulu útfærðar af eineltisteymi. Í þeirri útfærslu á að koma fram skipulag sértækra forvarna í hverjum árgangi. Einnig hver er ábyrgðar- og framkvæmdaaðili

Aðgerðaráætlun skal endurskoða árlega

## Almennar forvarnir

- Góður starfsandi
- Jákvæður skólabragur
- Kynningar á uppeldisstefnu skólanna
- Öflugt foreldrasamstarf
- Bekkjarfundir
- Vinahópar
- Sjálfstyrkingarnámskeið
- Atvinnutengt nám
- Líðan-vitnisburðir
- Félagsfærninámskeið fyrir nemendur s.s. Snillinganámskeið
- Foreldrafærninámskeið

## Sértækar forvarnir

- Leit að börnum í áhættuhópi
  - Kannanir á stríðni, hrekkjum og einelti
  - Tengslakannanir
- Regluleg fræðsla um aðgerðaráætlun fyrir starfsfólk skólanna
- Fræðsla um einelti á foreldrafundum
- Regluleg fræðsla um einelti fyrir nemendur skólanna
- Skilgreint hlutverk nemendaráða í forvörnum gegn einelti
- Jafningjafræðsla um einelti
- Skólareglur gegn einelti
- Bekkjarfundir gegn einelti
- Sáttmálar gegn einelti
- Húsnæði og umhverfi skóla skoðað skipulega
- Upplýsingar til grenndarsamfélagsins um vinnuferli, s.s. Þorpsins, íþróttafélaga, skáta, kirkjustarfs
- Dagur gegn einelti, 8. nóvember ár hvert, helgaður forvörnum gegn einelti

## Viðbragðsáætlun

Engin tvö eineltismál eru eins og því þarfnast þau mismunandi og mismikillar íhlutunar, þó skulu eftirfarandi hlutverk, boðleiðir og verklag/vinnuferli alltaf höfð til hliðsjónar

### Hlutverk og boðleiðir:

1. Eineltisteymi er starfrækt við skólana. Það skipa skólastjóri, náms- og starfsráðgjafi/-ar, umsjónarmaður sérkennslu og sálfræðingur. Deildarstjórar eru kallaðir inn þegar við á. Teymið fundar reglulega
2. Sá sem fær upplýsingar um einelti vísar því til skólastjóra sem kallar til eineltisteymi skólans, sem setur það í þann farveg sem við á. Sá farvegur skiptist í könnunarþrep, lausnaþrep og eftirfylgd
3. Eineltisteymið ber ábyrgð á að skipuleggja sértækar forvarnir og framfylgja viðbragðsáætlun skóla. Skólastjóri ber ábyrgð á að starfið sé samhæft
4. Foreldrar og skóli geta leitað ráðgjafar hjá fjölskyldustofu Akraness ef ekki tekst að finna viðunandi lausn innan skóla
5. Foreldrar eða skólar geta óskað eftir aðstoð sérstaks fagráðs sem starfar á ábyrgð mennta-og menningarmálaráðuneytis ef ekki tekst að finna viðunandi lausn innan
6. skóla eða sveitafélags

### Leiðbeinandi verklag/vinnuferli fyrir eineltisteymi:

#### Tilkynning

Allar tilkynningar um einelti eru teknar alvarlega

Öllum er heimilt að tilkynna einelti. Það á við aðila bæði innan skóla: nemendur og starfsfólk og aðila utan skóla s.s. foreldra, aðra aðstandendur, frístundakennara og íþróttþjálfara

Fylla skal út tilkynningu á þar til gert eyðublað. Tilkynningu má skila til allra starfsmanna skólans

Tilvísandi skal fá ljósrit af tilkynningu

Sá sem tekur við tilkynningu um einelti afhendir hana skólastjóra sem kallar saman eineltisteymið sem tekur málið til meðferðar innan tveggja daga

Skipuleg skráning málsmeðferðar hefst

#### Könnunarþrep

Eineltisteymið kemur saman og gerir framkvæmdaáætlun í samræmi við viðbragðsáætlun og aflar frekari gagna

Teymið skipar ábyrgðaraðila sem ræðir við málsaðila og foreldra þeirra, fyrst þann sem eineltið beinist að, síðan þann/þá sem taldir eru standa fyrir eineltinu

Athuga þarf að stundum er æskilegra að sitthvor aðilinn tali við geranda og þolanda



Ábyrgðaraðili teymisins ræðir við aðra aðila ef talin er þörf á til að varpa skýrara ljósi á málið

Könnun máls skal lokið innan tveggja vikna frá því að tilkynning un einelti barst

Könnunarþrepi lýkur með lausnaáætlun

Ákvörðun um lausnaleið er tekin á grundvelli niðurstaðna og í samráði við málsaðila og eru þeir upplýstir um niðurstöðuna í samráði við foreldra málsaðila

### **Lausnaþrep**

Unnið er samkvæmt lausnaáætlun

Skoða hvort veita þurfi stuðning við bekkinn/hópinn

Skoða hvort þörf sé á að veita upplýsingar til grenndarsamfélagsins

Lausnaþrepi lýkur, með áætlun um eftirfylgd, þegar aðilar máls eru sammála um að viðunandi lausn sé náð

### **Eftirfylgd**

Eineltisteymið heldur áfram samráði við foreldra málsaðila samkvæmt eftirfylgdaráætlun í allt að 6 mánuði

Sá sem einelti beindist að og sá/þeir sem stóðu fyrir eineltinu fá skipulegan stuðning og aðhald í a.m.k. 6 mánuði frá sitthvorum aðilanum

Málinu lokað með undirskrift

## Skráningarform - yfirlit

1. Tilkynning um einelti
2. Könnunarþrep
  - a. Áætlun
  - b. Viðtal við foreldra
  - c. Viðtal vegna eineltis
  - d. Bekkjarfundir
3. Lausnaþrep
  - a. Áætlun
  - b. Viðtal við foreldra
  - c. Viðtal vegna eineltis
  - d. Bekkjarfundir
4. Eftirfylgd
  - a. Áætlun
  - b. Viðtal við foreldra
  - c. Viðtal vegna eineltis
  - d. Bekkjarfundir
5. Lok máls – skráð með dagsetningu og undirskrift málsaðila á tilkynningareyðublað